

8. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

(Lagt fyrir alþingi 1937.)

1. gr.

4. gr. vörutollslaganna orðist svo:

Vörutollinn skal greiða gjaldheimtumanni — tollstjóranum í Reykjavík, sýslumönnum, bæjarfógetum, sérstökum lögreglustjórum í kaaptúnum — þar sem vöru, samkvæmt athugasemd á aðalfarmskrá skipsins, á að flytja úr skipinu, sem flutti vöruna hingað til lands. Vörutollinn skal ákveða eftir vegnum þunga vörunnar eða rúmmáli, ef um trjávið, tréglugga, tréhurðir og húsalista er að ræða, farmskirteini eða farmskrá. Greiða skal vörutoll af vörum, sem skráðar eru í sama farmskrár-númeri, í einu lagi.

2. gr.

5. gr. vörutollslaganna orðist svo:

Öll þau skip, sem flytja tollskyldar vörur hingað til lands, sem á að setja á land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, skulu hafa farmskrá (manifest) yfir vörur þessar. Ónauðsynlegt er þó að settar séu á farmskrá vörur, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því, venjulegur farangur ferðamanna og farangur skipverja, enda ber skipstjóra að sjá um, að skipverjar hafi ekki meðferðis annan farangur en þann, er þeir þurfa til eigin nota. Leyfi skipstjóri hins vegar skipverja að hafa á skipi farangur um fram það, sem hér var greint, sbr. 54. gr. sjómannalaganna, ber honum að skýra tollgæzlumanni frá því og hversu mikið það sé. Ennfremur ber skipstjóra að sjá um, að skipverjar hafi ekki meðferðis annan farangur en þann, er þeir þurfa til eigin nota. Leyfi skipstjóri hinsvegar skipverja að hafa á skipi farangur umfram það, sem hér var greint, smhr. 54. gr. sjómannalaganna, ber honum að skýra tollgæzlumanni frá því og hversu mikið það sé. Enn fremur ber skipstjóra að sjá um, að allur farþegafarangur sé skráður á þar til gerða farþegafarangursskrá, sem hann afhendir undirritaða til staðfestu, tollgæzlumanni á fyrstu höfn, sem sendir hann áfram með skipinu, ef svo hagar til um ferðir skips.

Farmskrá skal frá hverju landi vera samin í minnst 3 samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem eiga að fara á hverja einstaka höfn. Tvö eintök af aðalfarmskránni skal afhenda gjaldheimtumanni, þar sem skipið hafnar sig fyrst, en hann gætir þess hvort farmskrár séu samdar og útbúnar í fyrirskipuðu formi, og sendir hann síðan hagstofunni annað eintakið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en hitt eintakið af aðalfarmskránni afhendir hann aftur skipstjóra, sem ber að skila því gjaldheimtumanni á síðustu höfn hér á landi, sem skipið flytur vörur til. Sá gjaldheimtumaður sendir síðan fjármálaráðuneytinu síðastgreint eintak af aðalfarmskránni. Útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda gjaldheimtumanni á hverri höfn, þar sem vörur eiga að fara á land. Aðalfarmskrár og útdrættirnir skulu véritaðir eða greinilega skrifaðir svo auðvelt sé að lesa þá. Á þeim sé greinilega tilgreint stykkjatal, merki og númer þeirra, sendandi og viðtakandi, heiti og þungi vörunnar eða ef um trjávið, tréglugga, tréhurðir og húsa-

lista er að ræða, rúmmál, svo og flutningsgjald. Vörusendingar skulu á skráni og útdráttum tilfærðar í óslitinni töluröð.

Afgreiðslumenn skipa, sem eiga að flytja tollskyldar vörur til Íslands, og skipstjórar þeirra skipa, skulu á síðasta brottfararstað skipsins frá hverju landi, þegar skipið hefir tekið allar vörur, sem þar á að taka, undirrita bæði samritin af aðalfarmskránni, sem ætluð eru fjármálaráðuneytinu og hagstofunni, svo og vottorð ritað á skrárnar um það, að skipið hafi ekki frá hinni tilteknu höfn eða landi tekið aðrar eða meiri vörur til Íslands en þær, sem á aðalfarmskránni eru tilfærðar, að undanteknum þeim, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu, skipverjum og farþegum til neyzlu í því. Skipstjórnarnir og afgreiðslumennirnir skulu undirrita farmskrársamritin og vottorðin á þau í viðurvist ræðismanns eða annars umboðsmanns ríkisins, ef nokkur er þar á staðnum, annars í viðurvist tollfyrvaldsins, og undirrita þeir einnig til staðfestu. Um gerð og útbúnað farmskráa og greindra vottorða skulu sett nánari ákvæði í reglugerð.

Það varðar skipstjóra sektum, allt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja ekki skipi, samdar eins og mælt er fyrir eða ákvæðið kann að vera í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda þær gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans. Ef svo stendur á eða skráin er áfátt, getur gjaldheimtumaður og krafist þess, að skipstjóri eða afgreiðslumaður riti upp farmskrár og útdrætti, og ef hann telur þess þörf, látið telja vörur upp úr skipinu á kostnað skipseiganda. Annars má gjaldheimtumaður, hvenær sem honum þykir þurfa, láta telja vörur úr skipi, en ekki ber skipseigandi kostnað við það, nema skrár reynist rangar við talninguna.

3. gr.

6. gr. vörotollslaganna orðist svo:

Á fyrstu höfn, sem skip, er hefir meðferðis tollskyldar vörur, sem á að setja á land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, tekur hér á landi, skal skipstjóri jafnframt því sem hann afhendir aðalfarmskrár skipsins, undirrita vottorð á æru og samvisku undir hegningarábyrgð, sbr. 155. gr. hegningarlaganna, að skipið hafi ekki síðan það lagði úr tiltekinni erlendri höfn, tekið við vörum eða farangri úr öðrum skipum á leiðinni, og að eigi séu í skipnu aðrar eða meiri tollskyldar vörur en þær, sem tilfærðar eru á aðalfarmskránni, eða þær, sem hann þá samstundis skýrir frá, að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því eða þær, sem skráðar eru á farþegafarangurskrá.

Á hverri höfn, sem skip hafnar sig hér á landi til þess að setja tollskyldar vörur á land, ber skipstjóra að afhenda gjaldheimtumanni útdrátt úr aðalfarmskránni yfir þær vörur, sem eiga að fara til þess staðar, og skriflegt vottorð um það, að til þess staðar verði ekki látnar í land aðrar eða meiri tollskyldar vörur en þær, sem á útdrættinum eru.

Eigi má byrja að afferma skip nema með leyfi gjaldheimtumanns, en slíkt leyfi má eigi veita fyrr en skipstjóri hefir afhent öll framangreind skjöl. Sé afferming byrjuð án leyfis gjaldheimtumanns varðar það skipstjóra allt að 1000 kr. sekt.

Til þess að fullvissa sig um, að vörur og annar farangur, sem er með skipi, sé öllum framvísað og rétt frá skýrt fyrir tollgæzlumanni og allt sé tilfært á skjölum, sem skip hafa meðferðis af vörum, er tollgæzlumanni heimilt að leita alls staðar í skipi og í hirzlum og farangri skipverja og farþega, svo og á skipverjum, farþegum og öðrum mönnum, er tollgæzlumanni þykir ástæða til að ætla, að leyni á sér vörum eða hlutum, til að skjóta undan tollgreiðslu, eða sem bannað er að flytja í land. Alt, sem fyrirfinnst af tollvörum og bannvörum við slíka rannsókn, ber að skoða sem ólöglega innfluttar eða tollsviknar vörur. Heimilt er og að flytja farangur ferðamanna, svo og yfirleitt allar vörur, sem fluttar eru hingað til lands, til tollrannsóknar í tollgæzlustöð eða annað geymsluhús þeirra, sem tolfteirlit annast.

Jafnframt því sem tolleftirlitsmönnum er og heimilt að stöðva skip á höfnum inni og utan hafna en innan landhelgi til tollrannsóknar, er heim og heimilt að banna skipum að leggjast að hafnarvirkjum meðan á tollrannsókn stendur, svo og að afkvía skip, sem lagst er að bryggju eða öðru hafnarvirði. Heimilt er og að setja tollvörð í hvert það skip, sem nauðsyn telst á að hafa vörð í, svo og að tolleftirlitsmenn fari með skipum hafna á milli til eftirlits, og í þeim tilfellum her skipstjóra fyrir skipsins hönd ávallt að sjá þeim endurgjaldslaust fyrir fæði á skipinu og fari með því, eftir því sem hæfa þykir fyrir opinbera starfsmenn, sem ferðast í starfserindum. Ennfremur er og tolleftirlitsmönnum heimilt að leita að tollsvikum vörum í skipum og bátum, sem eru við fiskveiðar og í innanlandssiglingum, bifreiðum, vögnum og öðrum flutningstækjum. Heimilt er þeim og að stöðva flutningatækin meðan á tollrannsókn stendur. Nánari ákvæði um tollgæzlu skulu sett í reglugerð og má ákveða í henni, að enginn megi fara frá eða á skipsfjól meðan á tollrannsókn stendur, nema með leyfi tollgæzlumanns, svo og að tollgæzlumanni skuli ávalt heimilt að innsigla vistargeymslur skips og aðra staði í skipi, eftir því, sem hann telur nauðsynlegt. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

4. gr.

7. gr. tolllaganna orðist svo:

Eigi má án samþykkis gjaldheimtumanns afhenda viðtakendum tollskyldar vörur fyrr en allir tollar eru af þeim greiddir. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, allt að 1000 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu tollsins af hinum afhentu vörur á sama hátt og segir um viðtakanda í 10. gr. Hafi vörurnar verið afhentar viðtakanda án samþykkis gjaldheimtumanns eða áður en hann hefir fengið kvittun gjaldheimtumanns fyrir því, að gjaldið sé greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan sólarhrings frá því er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er ekki þegar greitt. Vörotollur fellur í gjald-daga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, sem gjaldið á að greiðast. Ákveða má í reglugerð um meðferð á vörum, sem tollur er þannig fallinn á.

Verði aðflutningsgjald það, sem greiða ber samkvæmt þessum lögum, hækkað eða lækkað, fellur hækkunin eða lækkunin á allar gjaldskyldar vörur, sem koma til landsins eftir að hin nýju gjaldlög hafa öðlast gildi.

5. gr.

8. gr. vörotollslaganna orðist svo:

Gjaldheimtumaður hefir vald til, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, skriflegt vottorð, að viðlögðum drengskap, um hvort hann hefi fengið þess konar vörur, og ef svo er, þá hverjar og hve mikið af þeim og hvað þær hafi kostað.

Ef nokkur tregðast við að gefa þau vottorð, sem um ræðir í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 60 kr. á dag, og má gjaldheimtumaður ákveða sektirnar í bréfi til viðtakanda.

6. gr.

Aftan við 12. gr. vörotollslaganna bætist:

Þó er ekki skylt að endurgreiða toll, ef lengri tími en eitt ár líður frá því, að varan hefir verið flutt hingað til lands, þar til hún hefir verið flutt úr landinu aftur.

7. gr.

14. gr. vörotollslaganna orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í rikissjóð.

8. gr.

Í stað orðanna „samkv. 6. gr.“ í 10. gr. vörutollslaganna komi: samkv. 7. gr.

Í stað orðanna „innheimtumaður“ í 9. gr. vörutollslaganna og „lögreglustjóri“ í 9., 10., 11., 12. og 15. gr. sömu laga komi: gjaldheimtumaður.

9. gr.

Auglýsa skal á skipum, sem annast vöru- og farþegaflutning milli landa og öðrum stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum og sérstæðum ákvæðum annara tollaga og reglugerðum, settum samkvæmt þeim.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa fengið staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra, laga nr. 4. 3. apríl 1928 og laga nr. 130 31. decbr. 1935, inn í texta laga nr. 54 15. júní 1926 og gefa þau út svo breytt.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta :

Það hefir komið í ljós við framkvæmd tolllaganna, að sum ákvæði þeirra eru að ýmsu leyti orðin úrelt og að öðru leyti ekki vel fallin til að tryggja þá framkvæmd tollefirlitsins, sem þeim er ætlað. Þykir því rétt að umbæta þau ákvæði, sem reynslan hefir sannað, að ábótavant er, svo að þau hindri ekki tollefirlitið, en heimili tollgæzlunni þær framkvæmdir, sem eru nauðsynlegar til þess að gæzlan komi að fullu gagni, og geri þeim, sem annast flutninga á vörur og fólki til landsins, að skyldu að fullnægja skilyrðum um ýmis skilríki og skýrslur, er varða flutningana, sem nauðsynleg eru fyrir tollgæzluna, létta hana og tryggja, og gera tollheimfuna ábyggilegri og auðveldari.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Efni þessarar greinar svarar til ákvæðanna í 4. gr. gildandi vörutollslaga. Fyrst eru ákvæði um það, hvar og hverjum skuli greiða vörutoll. Hverjum skuli greiða er óbeytt frá því, sem nú er. Hvað það varðar hvar skuli greiða, er ætlast til í frumvarpinu, að vörutoll skuli greiða, þar sem vara er flutt úr skipi, hvort sem það er þar, þangað sem varan á endanlega að fara, eða þar, sem henni er umskipað í annað skip eða farartæki. Samkvæmt vörutollslögunum, eins og þau nú eru, ber ekki aðeins að greiða vörutollinn, þar sem varan er flutt úr skipinu, heldur og þar, þangað sem varan er flutt á skipi — og í framkvæmdinni einnig á bátum og bifreiðum —, sem henni er umskipað í úr skipinu, sem flutti hana hingað til lands. Þessi regla er mjög varhugaverð, enda hefir nýlega legið við borð að vörur slippu við toll vegna ákvæðisins, eins og það er nú. Verðtollinn ber þrátt fyrir hér umrædda breyting á vörutollslögunum, hér eftir eins og hingað til, að greiða í því lögsagnarumdæmi, þar sem viðtakandi er, en gjaldheimtumaður, þar sem varan er flutt úr skipi, sendir gjaldheimtumanni, þar sem viðtakandi vöru er, tilkynningu um, að vörutollur sé greiddur, en verðtollur ógreiddur af vörunni, og ber þá þeim gjaldheimtumanni að innheimta og gera rikissjóði skil fyrir verðtollinum af vörunni á sömu leið og varan hefði verið flutt þangað beint frá útlöndum, eins og segir í 3. gr. reglugerðarinnar um framkvæmd verðtollslaga. Um síðasta málslíð 1. gr. frumvarpsins er það að segja, að ætlast er til, að vörutollsskyldar vörur verði vegnar og mældar hér, þegar því verður við komið, en ekki verði ávalt farið eftir farmskrá, eins og víðast hvar er gert.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar, sem verða á 5. gr. vörutollslaganna, svarar að efni til til 8. gr. vörutollslaganna. Hér er safnað saman öllum þeim ákvæðum, sem um farmskrár gilda. Þau gerð skýrari, fyllri og tryggari fyrir gjaldheimtuna og tolleftilitið, enda hefi viljað koma fyrir, að farmskrá og farmskrárútdrættir hafa ekki verið eins vel gerðir og áður tíðkaðist og vantað á skrárnar fullnægjandi upplýsingar um vörur, sem með skipinu hafa verið. Þá er og ætlast til, að tekin verði upp í lögín ákvæðin í 8. gr. laganna frá 15. apríl 1854, um það, að vöruskrár eða farmskrár skuli staðfestar af ræðismönnum. Þá er gert ráð fyrir, eins og tíðkast víða erlendis, að gerð sé sérstök skrá yfir allan farþegafarangur. Slík skrá er tolleftirlitsmönnum nauðsynleg til þess að tollranssókn í farþegaskipum geti orðið fljótunnari og öruggari. Einnig á skipstjóri að tilkynna tollgæzlumanni, hverjar vörur hann hefir leyft skipverja að hafa meðferðis umfram nauðsynlegan farangur til eigin nota.

Um 3. gr.

Fyrirmælin í 1., 2. og 3. málsg. eru tilsvarendi 5. gr. núgildandi vörutollslaga. Breytingar þær, sem samkvæmt frumvarpinu á að gera á greindri 5. gr. vörutollslaganna, leiða af breytingum, sem ætlast er til að gerðar verði á 8. gr. gildandi vörutollslaga.

Í 4. og 5. málsg. 3. gr. frumvarpsins eru tekin upp í vörutollslögín ákvæði um það, hvað tollgæzlumenn megi gera, þegar þeir eru að störfum sínum og eru þau flest í samræmi við það, sem tollgæzlumönnum hefir verið talið heimilt samkvæmt fyrirmælum í reglugerðinni um tollgæzlu.

Um 4. gr.

Hér er að mestu leyti tekin upp ákvæðin í 6. gr. vörutollslaganna núgildandi, að eins er ætlast til, að sektir séu hækkaðar vegna þess, hve mikilsvert það er fyrir tollheimtuna, að fylgt sé fyrirmælum greinarinnar. Auk þess er ætlast til, að skipstjóri eða afgreiðslumaður, eftir því hjá hverjum sökin er, beri ábyrgð á greiðslu tollsins af hinum afhentu vörum á sama hátt og segir um viðtakanda í 10. gr., eins og hún nú er. Í framkvæmdinni hefir verið litið svo á og því framfylgt, að auk sektanna beri umræddir menn ábyrgð á greiðslu tolls af ólöglega afhentum vörum, en til þess að aðvara um það, þykir rétt, að það sé beinlínis tekið fram.

Þriggja daga fresturinn í núgildandi 6. gr. vörutollslaganna er stytur í eins sólahrings frest. Núgildandi frestur er miðaður við eldra ástand og of langur.

Til þess að tryggja ríkissjóð, ef þörf krefur, ef gefin heimild til að setja reglugerðarákvæði um meðferð á vörum, sem tollur er fallinn á. Annars eru ákvæðin um gjalddaga tollsins óbreytt.

Í hvert skifti sem tollög hafa hækkað eða lækkað, hafa risið upp deilur um það, hvort tollhækkunina og tolllækkunina ætti að miða við það, hvenær skipið kemur til þeirra hafnar, þar sem vara á að fara í land samkvæmt farmskrá, en þá fellur tollurinn í gjalddaga samkvæmt núgildandi lögum, eða þegar skip það, sem flytur vöruna hingað til lands, kemur í íslenska landhelgi. Síðari reglan virðist eðlilegri, enda tryggir það, að vörur, sem eiga að flytjast með skipi til ýmsra hafna á landinu, tollist eins, en hin reglan getur leitt til þess, að á þær falli mismunandi tollar, eftir því á hvaða höfn varan á að fara.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi 7. gr. vörutollslaganna, nema að því leyti, að viðtakanda er gert að skyldu að segja til um, hversu mikið hin móttækna vara kosti, svo og eru dagsektir hækkaðar úr 20 kr. í 60 kr., sem ætti að tryggja greiðari svör.

Um 6. gr.

Í núgildandi lögum er ekki tiltekið, að menn, sem vilja endursenda vörur og fá endurgreiddan toll af þeim, skuli gera það innan tiltekins tíma frá því vörurnar

komu hingað til lands. Af því leiðir að viðtakendur, sem ætla sér ekki að hirða vörurnar, láta þær liggja afskiptalausar í geymsluhúsum skipafélaganna, þar til þær verður að láta selja fyrir tolli. Af þessu stafar og skaði fyrir sendendur varanna og óþægindi fyrir tollheimtuna og afgreiðslur skipanna. Og þó nú svo að tollur sé greiddur til að losna við sölu varanna, er það engu síður tímátöl fyrir tollgæzlumenn að rannsaka og sannfæra sig um, er langt er um liðið, hvenær tollur hafi verið greiddur af umræddri vöru, en það er gjaldheimtumanni gert að skyldu að votta um er varan loks er flutt út aftur. Með viðaukatillögum er því leitast við að ýta bæði undir viðtakendur og afgreiðslumenn að láta ekki endursending varanna dragast úr hófi, er krafan um endurgreiðslu á tolli af þeim tapast þegar ákveðinn tími er liðinn frá því að þær voru fluttar hingað til lands. Ársfrestur virðist vera nægur í öllum tilfellum.

Um 7. gr.

Það þykir sjálfsagt, að allar sektir samkvæmt lögnum renni í rikissjóð.